

Aðalfundur Landsbréfa 2015 föstudaginn 13. mars 2015, kl. 16.00.

Dagskrá og tillögur

Dagskrá fundarins er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar
4. Kjör stjórnar félagsins
5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags
6. Starfskjarastefna félagsins
7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Um dagskrárliði

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
Þarfnast ekki skýringa.
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar Landsbréfa hf. flytur skýrslu stjórnar
3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar
Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. fer yfir rekstur félagsins
4. Kjör stjórnar
Gerð er tillaga um að eftirtaldir verði kjörnir í stjórn sem aðalmenn:
Helga Gunnarsdóttir
Jón Þór Grímsson
Kristinn Ingi Lárusson
Sigríður Hrund Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Jón Gunnarsson

Gerð er tillaga um að eftirtaldir verði kjörnir sem varamenn í stjórn félagsins:
Bergþór I. Björgvinsson
Heiður Agnes Björnsdóttir
5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags
Gerð er tillaga um að KPMG ehf. verði endurkjörið sem endurskoðendafélag fyrir félagið.
6. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt óbreytt (starfskjarastefna fylgir hjálagt).

7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar

Gerð er tillaga um að hagnaði félagsins verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Lagt er til að þóknun til stjórnarmanna verði 200.000 kr. á mánuði og að mánaðarleg þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 50.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna. Þá er lagt til að þóknun til undirnefnda stjórnar, þ.e. starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar, verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund og tvöföld sú fjárhæð fyrir nefndarformann. Ekki skal greiða þóknun fyrir fleiri en einn fund í undirnefndum stjórnar á mánuði. Ekki verður greidd þóknun til starfsmanna í samstæðu Landsbankans hf. vegna starfa þeirra í stjórn eða undirnefndum stjórnar Landsbréfa.

9. Önnur mál

Starfskjarastefna Landsbréfa

Lögð fyrir aðalfund þann 13. mars 2015

1. MARKMIÐ

Landsbréf leggja áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbréfum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni félagsins, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Félagið leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög skal starfskjarastefna félagsins lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. STARFSKJÖR STJÓRNARMANNA

Stjórnarmönnum, öðrum en starfsmönnum Landsbankans hf., skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Stjórn gerir tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. STARFSKJÖR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra. Starfskjör hans skulu vera samkeppnishæf við kjör í sambærilegum félögum á fjármálamarkaði en þó ekki leiðandi.

Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn félagsins í samráði við stjórnarformann og skulu laun þeirra vera samkeppnishæf en þó ekki leiðandi að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar viðkomandi starfs.

4. KAUPAUKAKERFI

Stjórn getur tekið ákvörðun um gerð kaupaukakerfis (hvatakerfis) til að ná fram markmiðum samkvæmt 1. gr. og lagt tillögur sínar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Kaupaukakerfið skal vera í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins, nú Reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 700/2011.

5. UPPLÝSINGAGJÖF

Landsbréf gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í ársskýrslu sinni, auk þess að skýra frá framkvæmd starfskjarastefnunnar.

6. Annað

Að öðru leyti fer með starfskjarastefnu þessa skv. lögum.